

**Gildistaka.**

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, að höfðu samráði við Löggildingarstofu.

Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 534/1995 um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um tilhögun upplýsingaskipta vegna setningar tæknilegra staðla og reglugerða, sbr. 1. tölul. XIX. kafla II. viðauka EES-samningsins, tilskipun ráðsins 98/34/EB.

Reglugerðin öðlast gildi 1. apríl árið 2000. Vörur sem framleiddar voru á Íslandi eða voru fluttar inn fyrir gildistöku reglugerðar þessarar er heimilt að selja þar til 1. maí árið 2000.

*Umhverfisstofnun, 14. mars 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 197

15. mars 2000

**REGLUGERÐ****um holræsi og holræsagjöld í Húnaþingi vestra.**

## 1. gr.

Þegar sveitarfélagið hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem sveitarfélagið hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim hús-eigendum er þar eiga hús að eða í námunda við skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig eftir því sem unnt er leiða í ræsi. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi að göturæsi innan hæfilegs frests getur sveitarstjórn látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi vanrækir viðhald heimæðar.

## 2. gr.

Öll framkvæmdastörf sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla annast sveitarstjórn eða þeir menn sem sveitarstjórn felur það undir hennar umsjón. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema með leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar er máli skiptir í sambandi við það.

Sveitarskrifstofa annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

## 3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af þeim kostnaði ber hverjum húseiganda sem tengir heimæð við aðalæð að greiða allan kostnað af lagningu heimæðarinnar. Einnig ber hverjum húseiganda sem hús á við veg, götu eða opið svæði þar sem holræsi er lagt í að greiða holræsagjald til sveitarsjóðs sem miðast við fasteignamat húss og lóðar 0,20% samkvæmt fasteignamati eins og það er á hverjum tíma.

Tengigjald er kr. 11.500 fyrir hús með einni íbúð en auk þess kr. 3.200 fyrir íbúð umfram eina og fyrir atvinnuhúsnæði kr. 15.300. Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 236,6 stig og breytast samkvæmt henni.

## 4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart sveitarjóði. Kröfur sem sveitarstjórn kann að öðlast skv. 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjalddagar holræsagjalds eru sömu og fasteignaskatts.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Hvammstangahreppi nr. 414/1973, sbr. reglugerð nr. 213/1978, og reglugerð um holræsi og holræsagjöld á Laugarbakka, Ytri-Torfustaðahreppi í V-Húnavatnssýslu, nr. 542/1988.

*Félagsmálaráðuneytinu, 15. mars 2000.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

### um holræsi og holræsagjöld á Hellu í Rangárvallahreppi.

#### I. KAFLI

#### Um holræsi.

##### 1. gr.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur ein heimild til að láta leggja holræsi um Hellu. Allar framkvæmdir sem varða holræsakerfi Hellu, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón annast hreppsnefnd eða þeir menn sem hreppsnefnd felur það undir hennar umsjón.

##### 2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja holræsi svo að hver lóðarhafi nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði er lóð hans telst til. Skylt er lóðareigendum og húsráðendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi er flytji frá húsum og lóðum skulp allt út í aðalræsi. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglugerðir á hverjum tíma. Nú hefur hreppsnefnd ekki látið leggja holræsi samkvæmt framansögðu og skal þá lóðarhafi á sinn kostnað leiða skulp gegnum rotþró af nægjanlegri stærð og samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða sem um það gilda.

##### 3. gr.

Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skulp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Þar sem engin lögn er fyrir hendi eða lögð hefur verið sameiginleg lögn fyrir skulp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi gera svelg og tengja yfirborðsvatn af húsi sínu og lóð þangað. Nú lætur hreppsnefnd leggja sérstaka lögn fyrir yfirborðsvatn og er þá lóðarhafa skylt að tengja yfirborðsvatn sitt þangað.